



# GRA2A05

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Ragnhildur Ragnarsdóttir  
Þiðrik Christian Emilsson

**Netfang/netföng:**

[ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is](mailto:ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is)  
[thidrik.emilsson@borgo.is](mailto:thidrik.emilsson@borgo.is)

**Lýsing:**

Áfanginn miðar að því að kenna grundvallaratriði grafískrar hönnunar fyrir prent- og skjámiðla með fjölbreyttum æfingum og verkefnum. Áhersla er á að nemandinn þróa skýrar og merkingarbærar hugmyndir að verkum til útfærslu með athugunum, hugmyndavinnu og skissugerð. Unnið verður með formræna þætti leturs, ólíkar leturgerðir og samspil og niðurröðun leturs og mynda á myndfletinum í þeim tilgangi að móta skýra merkingu og heildaráhrif. Umræður og greining á eigin verkum, verkum samnemenda og þekktra hönnuða skipta stóran sess í áfanganum.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun hugmynda við útfærslu grafískra verka.
- formrænum þáttum ólíkra leturgerða og áhrifum þeirra á merkingu.
- samröðun og uppbygging myndrænna þátta í uppbyggingu verka.
- helstu hugtökum grafískrar hönnunar og notkun þeirra við greiningu verka.

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- móta skýrar hugmyndir við útfærslu verka.
- nýta eiginleika ólíkra leturtegunda við útfærslu hugmynda.
- raða saman myndrænum þáttum á myndfleti, s.s. texta og myndum á merkingarbæran og áhrifaríkan hátt.
- nota fjölbrettar aðferðir og tæki við útfærslu hugmynda, s.s. skissubækur, penna, blýanta, liti og forrit grafískrar hönnunar.

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hanna eigin verk af skýrleika, áræðni og frumleika.
- leysa fjölbreytt verkefni í grafískri hönnun af fagmennsku.
- koma hugmyndum og skilaboðum á framfæri af innsæi, tilfinningu og þekkingu á grafískri hönnun.



**Námsmat: 100%**

10% Myndbygging og letur

10% Túlkun á orði / letri

20% Plakat fyrir leiksýningu

20% Merki / letur sýningar

15% Leikskrá sýningar

25% Annað (Piðrik)

**Mat á hverju verkefni fyrir sig er þríþætt:**

Verkferli (hugmyndavinna, skissuvinna, sýnileiki), kynning og verkið sjálf. Við mat á verkefninu er m.a. horft til eftirfarandi þætti: skýrleika í framsetningu, frunleika hugmynda, myndhugsunar, leturnotkunar, myndbyggingar og litanotkunar.

**Námsgögn:**

Nauðsynlegt er að vera með skissubók. Einnig er gott að vera með eigin blýanta, tússpenna, reglustiku og nokkra liti. Helstu forrit sem eru notuð í áfanganum: Adobe Illustrator og Adobe Photoshop.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 90% skólasókn í áfanganum.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. jan	Kynning	
2	9.-13. jan	<b>V1.</b> Myndbygging og letur	10%
3	16.-20. jan	<b>V1.</b> Myndbygging og letur	Verkefnaskil
4	23.-27. jan	<b>V2.</b> Túlkun á orði / letri	10%
5	30. jan- 3. feb	<b>V2.</b> Túlkun á orði / letri	Verkefnaskil
6	6.-10. feb	<b>V3.</b> Plakat, Sex í sveit	20% Skóhlífadagar
7	13.-17. feb	<b>V3.</b> Plakat, Sex í sveit	Vörðuvika I
8	20.-23. feb	<b>V3.</b> Plakat, Sex í sveit	Vorannarhlé
9	28. feb-3. mars	<b>V3.</b> Plakat, Sex í sveit	Verkefnaskil
10	6.-10. mar	<b>V4.</b> Merki / leturmerki sýningarinnar Sex í sveit	20%
11	13.-17. mar	<b>V4.</b> Merki / leturmerki sýningarinnar Sex í sveit	
12	20.-24. mar	<b>V4.</b> Merki / leturmerki sýningarinnar Sex í sveit	Verkefnaskil
13	27.-31. mar	<b>V5.</b> Leikskrá	15% Valdagur
14	3.-11. apr	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apr	<b>V5.</b> Leikskrá	
16	17.-21. apr	<b>V5.</b> Leikskrá	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apr	<b>V6.</b> Annað (Þiðrik)	25% Vörðuvika II
18	1.-5. maí	<b>V6.</b> Annað (Þiðrik)	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	<b>V6.</b> Annað (Þiðrik)	
20	15.-16. maí	<b>V6.</b> Annað (Þiðrik)	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*